

11 gólfí. Nánari ákvæði um gerð húsa, búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með 9. febr., reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Óheimilt er að reisa ný minkabúr eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að láta þau standa allt að þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu.

Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim í allt að 5 ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1949.

6. gr.

Í stað „ráðunautar“ í 3. mgr. 6. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

11. gr. laganna falli niður og breyttist greinatalan samkvæmt því.

8. gr.

Upphaf 1. mgr. 11. gr., áður 12. gr., orðist svo:

Loðdýraræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur með höndum o. s. frv.

9. gr.

16., áður 17. gr., orðist svo:

Um eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 112 30. sept. 1947, og gefa þau út svo breytt sem lög um loðdýrarækt.

*Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

12

9. febr.

## L Ö G

um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungarvíkur;
2. að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til raforkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni.

## 2. gr.

12  
9. febr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 5 milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði skv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1.6 milljónir króna, þó eigi meira en sem nemur  $\frac{1}{3}$  hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

## 3. gr.

Framkvæmdir skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveituna og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

## 4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu, sem um ræðir í 1.—3. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

13  
9. febr.

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað 2. málsg. 3. gr. laganna komi:

Nú er fasteignaskattur af eign samkvæmt 1. gr. lægri en 10 krónur, og skal hann þá ekki innheimtur.

Skatturinn skal jafnan standa á heilum krónum, en aurum sleppt.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við innheimtu fasteignaskatts á manntalsþingum 1951.

*Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*